


ÁRÍÐANDI TILKYNNING

SAMSUNG RS 21 TVÖFALDIR KÆLISKÁPAR

Samsung Electronics á Íslandi hefur opnað heimsóknar- og viðgerðarþjónustu fyrir tvöfalda kæliskápa af gerðinni RS21. Þjónustan tengist viðgerð á hugsanlegum galla sem gert hefur vart við sig í einstökum kæliskápum, framleiddum á tímabilinu mars 2005 fram í júní 2006. Framleiðslu á þessari gerð kæliskápa hefur verið hætt.



Samsung Electronics ákvað að bjóða þessa þjónustu um leið og ljóst var, að framleiðslugalli gæti hugsanlega valdið bilun í afþýðingarkerfi viðkomandi kæliskápa.

Í undantekningartilvikum geta neistar myndast innan afþýðingarkerfisins og hugsanlega valdið eldhættu og jafnvel slyshættu eða varanlegum skemmdum á kæliskápnunum.

Þó að afar litlar líkur séu á því að gallinn sé til staðar, hefur Samsung ákveðið að bjóða eigendum viðkomandi kæliskápa ókeypis heimsóknar- og viðgerðarþjónustu. Viðgerðarfólk okkar kemur í heimsókn, yfirfer kæliskápinn og gerir við hann á staðnum ef þess reynist þörf. Í öryggisskyni mun þjónustan einnig ná til þeirra tvöföldu kæliskápa sem eru með sambærilegt afþýðingarkerfi. Þær gerðir sem um ræðir eru taldar upp hér að neðan.

Ef þú ert eigandi að tvöföldum Samsung kæliskáp, hringdu í síma **530 2800** eða **461 5000** og fáðu nánari upplýsingar um kæliskápinn þinn. Þú getur einnig sent okkur fyrirspurn í tölvupósti á netföngin **oskarh@ormson.is** eða **bjarni@radionaust.is**. Ókeypis heimsóknar- og viðgerðarþjónusta Samsung hefst 2. nóvember n.k.

Vörugæði, neytendavernd og ánægja viðskiptavina eru forgangsmál hjá Samsung. Við kunnum viðskiptavinum okkar bestu þakkir og biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta mál kann að valda.

Eftirfarandi gerðir falla undir ókeypis heimsóknar- og viðgerðarþjónustuna okkar:
RS21, RS23, RS55, RS56, RS60, RSH1, RSH3, RSE8, RSJ1, SN62, SN67

